

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna
við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 1 400 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má þó ekki nema meiru en 350 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta hálfra þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 350 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 1 050 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 1 400 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 350 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað, þ. á m. matvæli og aðrar vistir, að því tilskildu að varningur þessi geti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlandis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlandis.

2. gr.

Áfengir drykkir og tóbaksvörur.

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum:

	Áfengi, þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl og vín
1. Ferðamenn	1,0 l af áfengi.	200 stk. vindl- ingar eða 250 g af öðru tóbaki.	Ekkert öl en 1,0 l af vini undir 21%.
	eða		
	1,0 l af áfengi.	200 stk. vindl- ingar eða 250 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli en ekkert vín undir 21%
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vél- stjóra og bryta á farþega- vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	1,5 l af áfengi.	400 stk. vindl- ingar eða 500 g af öðru tóbaki.	48 fl. af öli eða 3,0 l af vini undir 21%

	Áfengi, þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Ól og vín
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflytningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	0,75 l	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	24 fl. af öli eða 1,5 l af víni undir 21%.
4. Flugáhafnir (þar með taldar aukaáhafnir) á íslenskum flugvélum sem hafa lengri samfellda útlivist en 20 daga	1,0 l	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli eða 0,75 l af víni undir 21%.
5. Flugáhafnir aðrar (þar með taldar aukaáhafnir)	0,375 l	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli eða 0,75 l af víni undir 21%.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar. Hver flaska af öli má innihalda allt að 0,5 l.

Skipverjar á íslenskum skipum, sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga, skulu tollafgreiddir samkvæmt 3. tl.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hýrlendis samfleytt í 7 daga er tollýfirvaldi heimilt að heiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hvers 7 daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflytningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Lágmarksaldur til innflyttings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflytning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun nafnskirteinis eða á annan fullnægjandi hátt.

3. gr.

Innflyttingsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita ekki undanþágu frá innflyttingsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum auk þess sem innflyttingur á vörum, sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflytningstakmörkunum, er óheimill skv. 1. gr. og geta því m. a. eftirtalдар vörur ekki notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem ópíum, heróín, morfín, kókaín, kannabis, amfetamín (þ. m. t. benzedrine) og LSD (lysergamide).
2. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
3. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
4. Lifandi dýr.
5. Hrútt kjótmæti.
6. Egg og smjör.

Tollívilnanir skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollívilnunar skv. 1. og 2. gr. oftast en einu sinni á sama sólarhringnum.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar sem er í heild dýrari en nemur hámarki tollívilnunar hvers ferðamanns samkvæmt 1. mgr. 1. gr. Tollívilnun skipverja og flugliða innlendra fararlækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæli viðkomandi munar sé innan við tvöfalda þá fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjald.

5. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Öðrum varningi, sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða, ber einnig að framvísa við hann. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollýfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Fyrirnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, áttlyrndu skilti með áletruninni: „ENGINE TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrnu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA“. Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollýfirvaldi þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningsbanni eða innflutningstakmörkunum. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningsbanni eða innflutningstakmörkunum og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs.

6. gr.

Um einkasölugjald o. fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi sem heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til

viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	1,0 l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	kr. 55
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperítivar	— 70
3. Íslenskar áfengistegundir	— 220
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	— 270

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	kr. 120 pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	— 155 pr. 200 stk.
3. Smávindlar	— 18 pr. 10 stk.
Meðalstærð	— 81 pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	— 108 pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollýfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

7. gr.

Sérhverja afgreiðslu skv. 6. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Enn fremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

8. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er skv. 6. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

9. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur hefur verið samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og toll-
eftirlit með áorðnum breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tollaftirlit ásamt síðari breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 335 13. júlí 1981 og reglugerð nr. 444 28. júlí 1981.

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.